

# ÁRSSKÝRSLA HRAUNBÚA

Í skýrslunni er farið yfir skátastarf Hraunbúa árið 2022



28. 02. 2023

## Efnisyfirlit

Ávarp félagsforingja.....	2
Stjórn Hraunbúa 2022 – 2023 og aðrar nefndir .....	3
Skýrsla stjórnar .....	3
Starfsmenn Hraunbúa .....	4
Húsnæði og viðhald .....	4
Fjárfestingar og innkaup.....	4
Samstarf við Hjalla .....	4
Viðburðir.....	5
Skátaping .....	5
Sumardagurinn 1 .....	5
17. júní.....	5
Vormót.....	5
Félagsútilega.....	5
Umbun foringjaráðs.....	5
Hverahlíð .....	6
Fjölskylduskátar .....	6
Skýrsla Útilífsskólans .....	6
Skýrsla Ferðbúans.....	7
Skýrslur skátasveita .....	8
Árgjald .....	8
Drekaskátar .....	8
Fálkaskátar.....	9
Dróttaskátar .....	10
Rekkaskátar .....	13
Tölvuálfar.....	14
Skálanefnd .....	14

## Ávarp félagsforingja

Þvílíka ævintýrið sem árið 2022 hefur verið fyrir Hraunbúa, loksins Vormót, vendingar í Hverahlíð og mikil fjölgun þátttakenda.

Árið fór vel af stað og mikill hugur í fólki að losna undan takmörkunum vegna heimsfaraldurs. Vorin eru mikill vertíðartími fyrir Hraunbúa og alla skáta, framundan er yfirleitt þétt pakkað sumar af skátaviðburðum og hátíðir eins og sumardagurinn fyrsti og 17. júní ekki langt undan. Vormót var haldið aftur eftir Covid pásu og gekk mjög vel, nú hefur myndast mjög gott samstarf við Flugmódelklúbbinn Þyt varðandi staðsetningu og við Víkingafélagið Rimmugýg varðandi dagskrá. Nýrri bæjarstjórn var boðið í heimsókn og kaffi í tilefni vormóts og var kaffiboðið vel sótt af fjölskyldum skáta, eldri skátum og bæjarpólitík.

Sumardagurinn fyrsti var haldin með venjulegu sniði og sáu Hraunbúar um skátamessu í Víðisstaðakirkju, skruðgöngu frá Hraunbyrgi að Thorsplani og svo hátíð á sviði ásamt sjoppu á Thorsplani. Í þetta sinn var aðallega verið að fjárafla fyrir heimsmóti í Kóreu 2023. Einnig tók félagið þátt í 17. júní með skruðgöngu og sjoppu.

Árlega vorferð félagsráðs var farin í sumarhús Rafiðnaðarsambandsins á Apavatni, allir foringjar fengu sumargjöf og skemmtilega hópeflisdagskrá ásamt góðum mat.

Útílífsskólinn vakti mikla lukku að venju og fylltist skráningin hratt, við sjáum mikið af krökkum koma aftur á milli ára og margir sem koma oftar en einu sinni yfir sumarið. Það vekur líka mikla lukku að sjá mikla fjölgun í félaginu sem afleiðingu útílífsskólans, bæði hjá þátttakendum og einnig foringjum og öðrum sjálfboðaliðum.

Haustið fór af stað með látum, undirbúningur og skipulag til fyrirmyndar. Við vorum með markmið að koma þátttakendum á grunnskólaaldri yfir 100, fljótlega voru yfir 130 krakkar á þessum aldri skráðir í félagið. Þessu fylgdu miklir vaxtaverkir enda mjög langt síðan félagið var svona stórt, litlir árekstrar hér og þar sem má rekja til þessa. Allt leystist þetta þó með sóma og undirbúningur fyrir næsta haust er þegar byrjaður.

Undirbúningur við byggingu nýrrar Hverahlíðar gengur vel, kostnaðaráætlun liggur fyrir ásamt teikningum og verktökum, allir bíða í startholum eftir fjármagni og byggingarleyfi en það er í góðum farvegi.

Hraunbúar 2023

Þakklæti og stolt er mér efst í huga eftir árið, það er ótrúlegt hvað það er mikið af fólki sem er til í að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og venskapinn sem fylgir skátastarfi. Sérstaklega í Hraunbúum. Ég er sjálfur þakklátur og stoltur af þeim flotta hópi sem félagið býr yfir og hlakka til frekari eflingar á starfinu.

Bjarni Freyr Þórðarson

Félagsforingi.

## Stjórn Hraunbúa 2022 – 2023 og aðrar nefndir

### Á aðalfundi Hraunbúa 2022 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Félagsforingi: Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi: Ásrún Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Guðmundur Sigurðsson

Ritari: Harpa Kolbeinsdóttir

Meðstjórnendur: Guðrún Stefánsdóttir, Guðvarður Björgvin Fannberg Ólafsson og Kristján Ingi Þórðarson

Varamenn: Erna Mjöll Grétarsdóttir og Daníel Kárason

### Aðrar nefndir:

**Tölvunefnd:** Guðvarður B.F. Ólafsson, Bjarni Freyr Þórðarson og Guðmundur Sigurðsson.

**Skálanefnd:** Guðmundur Sigurðsson, Kristján Ingi Þórðarson, Bjarni Freyr Þórðarson og Ásrún Jóhannesdóttir.

**Laganefnd:** M. Betty Jónsdóttir, Geir Gunnlaugsson og Dóra Magnea Hermannsdóttir

**Skoðunarmenn reikninga:** Elfa Björg Aradóttir og Örn Tryggvi Johnsen

**Uppstillinganefnd:** Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Erna Mjöll Grétarsdóttir og Sindri Friðriksson

## Skýrsla stjórnar

Stjórn Hraunbúa fundaði að jafnaði annan hvern miðvikudag á starfsárinu og voru ritaðar 20 fundargerðir. Auk formlegra stjórnarfunda hittist stjórnin, öll eða hluti hennar, af og til yfir starfsárið til þess að sinna öðrum verkefnum eins og viðhaldi á húsnaði, tiltekt,

starfsmannamálum og öðru sem snertir skátastarfið. Skátastarfið var í miklum blóma þetta árið og mörg verkefni fylgdu öflugum starfi.

### Starfsmenn Hraunbúa

Sandra Björk Bragadóttir var skólastjóri útilífsskólans sumarið 2022. Sandra Björk var einnig starfsmaður Hraunbúa, í hlutastarfi, árið 2022. Alexander Árnason hóf störf hjá Ferðbúanum um sumarið og hélt áfram sem starfsmaður skátafélagsins, í hlutastarfi, út árið. Sandra Björk var með viðveru í Hraunbyrgi á mánudögum og þriðjudögum en Alexander á miðvikudögum og fimmtudögum.

### Húsnæði og viðhald

Um páskana 2022 voru veggir í farfuglaálmum málaðir og um haustið voru veggir skátamegin málaðir. Salurinn var tekinn í gegn, veggir málaðir og parketið var pússað og borið á það. Fyrir sumarið var skemman tekin í gegn til þess að útilífsskólinn gæti verið þar með bækistöð. Baðherbergið í skemmuni var málað og lagað og aðstaðan öll löguð að þörfum útilífsskólans. Farið var í viðhaldsvinnu við brunavarnir í húsinu á tímabilinu.

### Fjárfestingar og innkaup

Hraunbúar og Ferðbúinn keyptu geymsluhúsnæði við Straumhelli 4 sem mun nýtast félaginu til geymslu á búnaði og minnka álagið á skemmuni sem er mikið nýtt undir skátastarf. Hluti geymsluhúsnæðisins mun verða leigður út.

Á starfsárinu var farið í að endurnýja klifurbúnað félagsins og fjárfestum við í nýjum línum, hjálmum, beltum og tryggingarbúnaði. Félagið keypti pizzaofn, nýja kandíflosvél, átta lítil tjöld sem nýtast í útilífsskólanum og sem göngutjöld, ryobi ryksugu/blásara og útieldunaráhöld. Félagið keypti peysur fyrir bæði skáta og foringja og lét merkja félaginu og auk þess voru keyptir sérstakir Hraunbúaklútar.

### Samstarf við Hjalla

Samstarfi við Hjallastefnuna lauk 10. júní 2022 þegar skólastarf fór í sumarfrí.

Hraunbúar 2023

### Viðburðir

Skátastarfið tók við sér á árinu eftir nokkra covidlægd og tóku skátar úr Hraunbúum þátt í hinum ýmsu viðburðum.

### Skátaping

Skátaping var haldið á Bifröst 1.-3. apríl og Bjarni, Ásrún, Guðrún, Sandra, Thelma Líf og Jakob Burgel tóku þátt fyrir hönd Hraunbúa.

### Sumardagurinn 1

Hraunbúar tóku þátt í hátíðahöldum í bænum vegna sumardagsins fyrsta með skátamessu, skrudgöngu, sölubásam og aðkomu að dagskrá á sviði.

### 17. júní

Hraunbúar stýrðu skrudgöngu á 17. júní líkt og undanfarin ár. Hraunbúar voru með tvö söluhús í miðbænum.

### Vormót

Vormót Hraunbúa var haldið um Hvítasunnuhelgina á túninu hjá flugmódelklúbbnum Þyti. Víkingafélagið Rimmugýgur kom að dagskrárgerð og eigum við gott samstarf við þessi tvö félög. Mótið heppnaðist vel með 70 þátttakendum og 15 starfsmönnum. Stefnt er að því að halda mótið aftur á sama stað næstu Hvítasunnuhelgi.

### Félagsútilega

Félagsútilega var haldin á Úlfjótuvatni 14. – 16. október. Félagssútilegan heppnaðist mjög vel og var fjölmenn. Á laugardeginum bættust drekaskátar í hópinn ásamt fjölskyldum sínum og langt er síðan jafn margir voru saman komnir í félagsútilegu Hraunbúa.

### Umbun foringjaráðs

Öflugur hópur fólks sinnir foringjastöðum hjá félaginu og til þess að hrista hópinn saman og þakka fyrir vel unnin störf var farið í bústað á Apavatn í maí. Foringjarnir fóru á kajak á

Stokkseyri og zipline í Hveragerði. Í desember bauð stjórn til jóla kvöldverðar þar sem foringjum var boðið uppá jólamat, samveru og gjafir.

### Hverahlíð

Framtíð skálans í Hverahlíð var áfram rædd þetta starfsárið í stjórninni. Stjórn Hraunbúa fór í heimsókn í Vífilsbúð og kynnti sér framkvæmdir þar. Skálanefnd fór í mikla undirbúningsvinnu til að láta nýjan skála verða að veruleika og Páll Zophaníusson hefur teiknað nýjan skála. Kostnaðaráætlun liggur fyrir og félagið er í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um aðkomu að verkefninu.

### Fjölskylduskátar

Á haustmánuðum prófuðu Hraunbúar að bjóða uppá fjölskylduskáta í fyrsta sinn. Harpa Kolbeinsdóttir og Guðrún Stefánsdóttir sáu um starfið sem var í boði annan hvern laugardag. Tilraunin var góð en ekki náðist næg þátttaka fjölskyldna í starfið. Mest þátttaka varð þegar fjölskyldum drekaskáta var boðið að koma og taka þátt í dagskrá á laugardegi í félagsútilegu. Fjölskylduskátar eru góð hugmynd sem við höldum áfram að vinna með í félaginu og finna réttan farveg.

### Skýrsla Útilífsskólans

Líkt og fyrri ár var góð aðsókn í útilífsskólann í sumar. Flest námskeið voru full og sum þeirra með biðlista. Dagskráin var fjölbreytt og krefjandi. Áhersla var lögð á flokkastarf, samvinnu og auðvitað skemmtun í hæsta gæðaflokki. Starfsmenn útilífsskólans voru 27, 18 vinnuskólaliðar, fjórir 17 ára, þrír 18 ára og eldri og tveir stjórnendur. Alls sóttu 111 börn útilífsskólann. Þau Sandra Björk Bragadóttir og Jakob Heimir P. Burgel Ingvarsson sáu um að halda batteríinu gangandi þetta árið með góðum árangri. Jakob sem aðstoðarskólastjóri og Sandra sem skólastjóri. Heilt yfir gekk útilífsskólinn vel og starfsmenn, foreldrar og börn ánægð með sumarið.

## Skýrsla Ferðbúans

Árið 2022 hófst með ýmsum áskorunum en einnig nýjum tækifærum og von um bjartari tíma.

Hjallaskóli var áfram í leigu en ljóst að leigusamningur við þau yrði ekki endurnýjaður. Eftir endurskipulagningu í rekstri frá fyrra ári var ákveðið að halda áfram með þá endurskipulagningu sem fyrir lá og fókusinn settur á að efla hópagistingu.

Eftir markvissa markaðssetningu náðust loks samningar við ferðaskrifstofu sem er í ferðþjónustu sem hentar rekstri bæði hússins og tjaldsvæðis mjög vel. Úr varð leigusamningur þar sem ferðþjónustufyrirtækið leigði Hraunbyrgi í heild sinni fyrir sína gesti og starfsemi. Samstarfið gekk ágætlega. Þessi samningur hafði það í för með sér að ekki var opið fyrir almenna gistingu í húsinu.

Sama ferðaskrifstofa kom einnig með marga hópa yfir sumarið á tjaldsvæðið og ljóst að það væri strax orðið of lítið og plássleysi myndi bitna á heimamarkaði og hinum almenna ferðamanni. Nauðsyn stækkunar hefur aldrei verið meiri.

Þar sem samstarf gekk vel óskaði ferðaskrifstofan eftir áframhaldandi samningi og enn meiri þjónustu sem orðið var við. Samningur fyrir 2023 liggur því fyrir.

Ráðist var í að kaupa geymsluhúsnæði á árinu. Húsnæðið er hugsað til útleigu að mestu. Hraunbúar fá þar aðstöðu að hluta en einnig verður hluti af því leigður út fyrir aðra starfsemi.

Ráðist var í nokkrar framkvæmdir á árinu, haldið var áfram með viðgerðir og endurbætur á brunakerfi og það klárað síðasta sumar, gangar voru málaðir og skipt umtöluvert af ljósum og svo var salurinn tekin í gegn. Þar var málað, skipt um ljós, loft og gluggar lagaðir og parketið var slípað. Ráðist var í endurbætur og viðhald á brunavörnum inni, viðgerðir og málun voru unnar á þaki Hraunbyrgis og skemmu þakinu og fyrir liggur að endurnýja klæðningu á áveðurshlið hússins. Endurnýjun á ljósabúnaði hélt áfram í Hraunbyrgi og anddyri ásamt neðri hluta beggja álma voru máluð. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á klæðningu utan húss og á dúkum á gólfum.

Enn er svo unnið að framtíðar verkefni útilífsmiðstöðvar í upplandi Hafnafjarðar.

Fyrir hönd stjórnar Ferðbúans

Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar



## Skýrslur skátasveita

Hér á eftir eru skýrslur skátasveita en skátastarf í bænum hefur verið í góðum höndum þetta starfsár líkt og undanfarin ár.

### Árgjald

Árgjald fyrir starfsárið 2022 – 2023 var hækkað um 10000 kr. eða í 48.000 kr. fyrir alla dreka-, fála- og dróttskáta. Sú breyting var gerð að hægt er að greiða aðeins fyrir eina önn en þá er gjaldið 20.000 kr. fyrir haustönn en 30.000 kr. fyrir vorönn. Séu báðar annir keyptar samtímis er árgjaldið 48.000 kr. Hafnarfjarðarbær styrkir börn bæjarins í æskulýðsstarfi eins og undanfarin ár og geta foreldrar sótt um niðurgreiðslur í gegnum Sportabler.

### Drekaskátar

Eftir sumarfrí hafa starfað tvær drekaskátasveitir í Hraunbúum, Rauðúlfar og Grábræður. Sveitarfóringjar Rauðúlfa eru Guðni Gíslason og Brynhildur Hafsteinsdóttir og aðstoðarsveitarfóringjar eru Kjartan Ingólfsson og Sara Elísabet Jónsdóttir sem hafa mætt frekar óreglulega. Logi Friðriksson mætir sem aðstoðarfóringi eftir þörfum og Haukur Freyr Ólafsson bættist í hópinn eftir áramót. Sveitafoingjar Grábræðra eru Bettý Jónsdóttir og Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir og aðstoðarsveitarfóringjar eru Arnar Freyr Hallgrímsson og Þórdís Lea Albertsdóttir sem hafa mætt nokkuð reglulega. Að auki hafa Bergur Þorgils Vilhjálmsson og Hulda Valgerður Vilhjálmisdóttir aðstoðað frá því í desember hjá Grábræðrum

Í haust byrjuðu 20 skátar í hvorri sveit og var fundartími:

Rauðúlfar, miðvikudaga kl. 17.30-18.30

Grábræður, fimmtudaga kl. 17.30-18.30

Í byrjun nóvember var innilega í Hraunbyrgi þar sem 25 skátar mættu á föstudagskvöldi fram á hádegi laugardags og höfðu bæði gagn og gaman af. Kvöldvaka og kakó og síðan póstaleikir á laugardegi. Allir glaðir og ánægðir. Vígsla fór fram við hátíðlega athöfn í Hraunbyrgi í desember að viðstöddum forráðamönnum.

Á fundum hefur verið unnið með hnúta, meðhöndlun hnífa, sára, hvernig á bera sig að við að kveikja og slökkva eld, bakað yfir eldi og fleira, auk þess að fara í leiki og syngja.

Unnið hefur verið að verkefnum fyrir færni merki og hafa þau fengið fyrsta merkið sem heitir Leysa. Stefna þau nú að fleiri merkjum.

Framundan er Drekaskátadagur 4. mars á Álftanesi og Drekaskátamót 2.-4. júní á Úlfljótsvatni. Klifur í skemmuni, kanó á tjörninni, ferð í Skátalund og fleira uppbyggjandi.

Í Rauðúlfum hefur mæting hefur verið mjög góð og í Grábræðum var mætingin mjög góð fram að áramótum en aðeins hefur dregið úr henni eftir áramót.

### Fálkaskátar

Foringjar fálkaskáta eftir sumarfrí eru, Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir, Daníel Kárason, Jakob H.P. Burgel, Laufey Matthildur Friðriksdóttir, Valdís Huld Jónsdóttir, Þóra Lóa Pálsdóttir.

Aðstoðaforingjar eru Brynjar Ingi Ágústsson, Brynhildur Þorbjörg, Arnar Freyr Hallgrímsson, Logi Friðriksson, Inga Dís Guðjónsdóttir, Dagný Lind Pálsdóttir, Haukur Freyr Ólafsson

Fálkaskáta deild Hraunbúa skiptist í tvær sveitir; Riddara og Víkinga. Riddarasveitin inniheldur 20 skáta, og Víkingar hafa 25 skáta. Heildar deildin hefur því 45 skáta sem tekur þátt í sameiginlegum viðburðum og útilegum en heldur fundi í sitthvoru lagi.

Fundar fyrirkomulagið eru dagskráringir sem samanstanda af þrem fundum, einum sveitarfundi og tveim flokksfundum. Á sveitarfundi velja foringjar þemu og skipuleggja dagskrá fyrir alla flokkana til að koma saman og taka þátt í. Hluti af sveitarfundinum fer í að flokkar skipuleggi efni og aðstoð sem þarf til að framkvæma þeirra plön. Næstu tveir fundir fara í að vinna að því verkefni sem var valið á sveitarfundinum.

Haustið 2022 fóru Hraunbúar í sveitarútilegu til Lækjarbotna, þar sem var sjóræningjaþema og mikil skemmtun. Einnig var farið í Félagsútilegu Hraunbúa þar sem var Disneyþema, margt prófað á borð við klifur, bogfimi og skemmtileg kvöldvaka fyrir alla skátana. Fálkaskátadagurinn var einnig haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ þar sem fagnað var sterkum kvennfyrirmyndum úr íslensku lífi.

Á vorönn 2023 var haldin önnur sveitarútilega Fálkaskáta, þar sem var Encantopema. Skátafélaginu Farfuglum var boðið að taka þátt og flugu þau frá Austurlandi til þess að vera með. Við vonumst eftir áfram haldandi samstarfi með þeim hóp á komandi árum. Reynt verður að fara í aðra útilegu með fálkaskátasveitina sem undirbúning fyrir Vormót 2023.

Viðburðir í sumar á borð við Vormót og Skátasumarið standa hópnum einnig til boða og verða flokkarnir hvattir til þess að taka þátt á þeim og reynt að halda hópinn með fundum aðra hvora viku yfir sumarið, þar sem allir 40+ skátarnir hafa tækifæri til að mæta og taka þátt saman.

Marmið fálkaskátanna er innleiðing könnuðarmerkjanna fyrir 2025 þar sem áhersla verður á að hvetja elstu fálkaskátanna til sjálfsstæðis og að vinna að verkefnum tengdum könnuðarmerkjunum.

Markmið okkar í fálkaskátunum verður einnig að halda áfram með tvískiptingu funda svo hægt verði að hafa að hámarki 50 skráða fálkaskáta hjá Hraunbúum. Á meðan að fjöldi fálkaskáta er svona hár, er mikilvægt að gæði starfsins séu ekki hindruð. Framtíð Hraunbúa er að halda áfram sem fjölmennasta félag landsins og til þess að ná því markmiði verður dagskrá ársins að vera áhugaverð og krefjandi, bæta mætti dagskrá og útilegur fálkaskáta til þess að endurspegla hæfni elstu skátanna. Fyrir haustið 2023 verður kraftur settur í flokkakerfið þar sem blanda krakka frá öllum aldri verður saman í flokk og mun það vonandi gefa elstu krökkunum meiri ábyrgð og auka kröfur á þau, sem leyfir starfinu að halda áfram sem þroskandi vegferð fyrir þau.

## Dróttskátar

### Ársskýrsla Ds. Castor 2022

Árið 2022 var gott ár hjá Dróttskátum þrátt fyrir Covid takmarkanir í byrjun árs. Sveitin var vel mönnuð foringjum, Kristján Ingi Þórðarson, Sindri Friðriksson, Sandra Björk Bragadóttir, Erna Mjöll Grétarsdóttir og Harpa Hrönn Grétarsdóttir.

Dróttskátahópurinn sem hefur starfað með okkur þetta ár er einstaklega þéttur og skemmtilegur hópur sem þyrstir í fleiri ferðir, stærri áskoranir og meiri ævintýri. Það eru forréttindi að fá að starfa með svoleiðis hóp.

## Vorönn 2022

Um 20 skátar sóttu fundi og viðburði hjá Ds. Castor á vorönn 2022. Ýmislegt skemmtilegt var gert og hér verður farið yfir helstu atriðin.

Árið byrjaði með Covid takmörkunum og var fyrsti fundurinn haldinn yfir netið þar sem við bökuðum bollakökur.

Í febrúar fóru 6 dróttskátar á útilífsnámskeið norður í Vaðlaheiði sem Klakkur hélt. Krefjandi og metnaðarfullt námskeið þar sem þátttakendur útbjuggu snjóskýli, tjölduðu og sváfu úti seinni nóttina. Það voru þreyttir og glaðir skátar sem komu seint heim á sunnudegi með mikið af minningum og reynslu í bakpokanum.

Í febrúar fengum við kynningu á Jamboree í Suður-Kóreu 2023 og úr varð að flestir dróttskátarnir skráðu sig og hófst fjáröflun þegar í stað.

Nokkrir fundir fóru í að útbúa og framkvæma flóttaherbergi og tókst flokkunum það ljómandi vel svo úr varð góð skemmtun.

Í mars vorum við með gistinótt í Hraunbyrgi sem gekk vel, lítið sofið og mikið gaman.

Síðasti fundur fyrir páska var páskaeggjaleit með áttavita þar sem við fengum aðstoð frá Hörpu Kolbeins.

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur að venju og gekk vel, falleg skruðganga og skemmtileg dagskrá á svið þar sem þrír dróttskátar tróðu upp með hljómsveit sinni, Enter name.

Í apríl fórum við í Skorradal og nutum þess að leika okkur í og við vatnið í frábæru vorveðri. Við bökuðum pizzur í nýja pizzaofninum, fórum í leiki og skemmtum okkur vel við leik og starf.

Í maí héldum við fund upp í Skátalundi og vígðum nokkra skáta inn í dróttskátana en við vorum svo heppin að á þessu starfsári bættust þónokkrir nýjir skátar við í Dróttskáta.

Í maí lgengum við líka á Helgafell og héldum fund þar sem við súrruðum Valslöngvu.

## Sumar 2022

Sumarið byrjaði með frábæru Vormóti þar sem allir skemmtu sér konunglega enda góður og þéttur hópur sem var búinn að starfa vel saman allan veturinn.

10.-12. júní gengu nokkrir dróttskátar Fimmvörðuháls með stórum hópi dróttskáta úr fleiri félögum. Ferðin gekk ljómandi vel og stóðu Hraunbúarnir sig stórvel þrátt fyrir að enginn foringi frá okkur hafi getað fylgt þeim og megum við vera stolt af þessum flottu fulltrúum Hraunbúa.

17. júní var stór dagur, skruðganga, fjáröflun og mikið fjör. Þar stóð hópurinn vaktina með bros á vör og gladdi bæjarbúa með smitandi kæti.

Landsmót Dróttskáta á Hömrum var vel sótt af hópunum, þetta var skemmtilegt og vel skipulagt mót þar sem reyndi mikið á samvinnu og útsjónarsemi. Hópurinn stóð sig vel og vann vel saman með gleði og vináttu.

## Haustönn 2022

Þegar nýr starfsvetur hófst að hausti gengu fjórir dróttskátar upp í Rekkaskáta en 3 Fálkaskátar komu í Dróttskáta. Starfandi dróttskátar haustið 2022 voru 18.

Við byrjuðum haustið á því að fara í útilegu í Þrist, gengið var á Móskaðshnjúka, einhverjir böðuðu sig í ánni og fleira skemmtilegt var gert í góðu veðri. Góð mæting var og mikil gleði en flestir hefðu kosið skála með salernisaðstöðu.

Í september var líka gengið á Helgafell, flokksfundir voru haldnir þar sem unnið var að færnimerkinu sköpun, farið í sjósund og fleira skemmtilegt

Í október var farið í heimsókn til Landhelgisgæslunnar, flestir fóru í félagsútilegun og 6 skátar fóru Dróttkraft í Hraunbyrgi svo nóg var um að vera í október.

Í nóvember var haldið áfram að vinna í flokkum að færnimerkjunum, það var leikjafundur og svo var karaoke kvöld sem sló í gegn.

Í desember var gistinótt í Hraunbyrgi sem gekk vel, allir þreyttir, glaðir og saddir að henni lokinni. Hefðbundin störf í desember, piparkökuhús og jólakósý.

Þessa haustönn notuðum við setningu funda til að læra skátalögin, tókum eitt fyrir á hverjum fundi og settum það í samhengi við okkur sjálf, hvert og eitt. Við förum glöð og eftirvæntingafull inn í nýtt ár með þéttan og góðan hóp Dróttskáta. Útílífsnámskeið í Vaðlaheiði í mars

### Rekkaskátar

Foringjar eru Valdís Huld Jónsdóttir, Auður Eygló Andrésdóttir og Guðrún Blöndal.

Í sveitinni eru 11 starfandi skátar, en þó er mæting óregluleg þar sem þessi aldur er oft í vavktavinnu, lokaprófum og erfiðara námi. Til að halda þessum aldri virkum er ekki gerð krafa um 100% mætingu heldur er hvatt til þátttöku eins og er raunhæft miðað við aðstæður. Með því að byggja upp meira hópefli og traust er vonast til þess að foringjar þurfi ekki að hvetja til mætingar, heldur að hópurinn vilji vinna saman og styðja við hvert annað og muni þar af leiðandi mæta.

Tvær mismunandi gerðir af fundum eru haldnir, annarsvegar vinnufundir og hinsvegar flippfundir. Röðun funda eru tveir vinnufundir og einn flippfundur og endurtekur sig svo aftur, tveir vinnufundir og einn flippfundur. Þar sem megin tilgangur Rekkaskáta er framkvæmd Forsetamerkisins, eru vinnufundir hugsaðir sem svo að einn flokksforingi er kjörinn í upphafi hvers fundar sem leiðir hópinn í gegnum eitt verkefni sem hægt er að skrá í forsetamerkisbókina. Til þess að ljúka við 24 verkefni, eins og krafist er til uppfyllingar merkisins er reiknað með að 4 verkefni séu kláruð á hverri önn.

Á haustönn 2022 skipulögðu rekkaskátar Félagsútilegu Hraunbúa og unnu hörðum höndum að framkvæmd hennar.

Á vorönn 2023 hafa verið fjöldi viðburða og hófst árið á Neista, sem haldin var af BÍS fyrstu helgi janúar. Aðra helgi janúar hófst starfsár rekkaskáta aftur eftir jólafrí, með viðburðinum Do or Die, sem hófst á 5km göngu í gegnum snjó frá Litlu Kaffistofunni í átt að Lækjarbotnum þar sem var tjaldað og gist úti í -20°C.

Aðrir viðburðir á vorönn eru Útílífsnámskeið Klakks, Ungmennaping, Næturlékurinn, 18:23, og Skátaping.

Mikill skortur hefur verið á viðburðum fyrir Rekkaskáta þar sem þeir eru velkomnir sem þátttakendur. Sem hluti af æsku hefur rekkaskátastarf reynst krefjandi og aðgengilegt en slaki hefur verið á ævintýrum og skemmtun fyrir þennan aldur, yfirleitt er áhersla lögð á verkefni og aðstoðarforingjastörf, ef ekki er stór ferð líkt og Jamboree til að stefna að verður oft mikið brottfall og margir skátar sem við missum úr á þessum tíma. Í samkeppni við menntaskóla, félagslíf, störf og fleira er erfitt að halda virkri hvatningu fyrir þennan hóp. Persónulegt markmið mitt fyrir Rekkaskátana er að brottfall verði ekki meira en 30% milli Dróttskáta og Rekkaskáta og á vorönn 2025 muni 5 rekkaskátar verða að Róverskátum.

Passa þarf að gefa Rekkaskátum viðeigandi verkefni en hjálpa þeim einnig að skilgreina þau svo þau upplifi sigur við lok þessara verkefni, þau þurfa að vera við hæfi hópsins, ögrandi og ómöguleg. Mikilvægt er fyrir skáta af öllum aldri að læra að gera mistök og hvernig má leiðrétta þau eða gera það besta úr þeim.

Flippfundir eru nauðsynlegir til þess að passa að ekki allt álag liggi á rekkaskátum og þeir fái einnig færi á að léttu sér lund og stytta sér stundir. Oft fer hugsun þeirra beint í skipulagt kostnaðarsamt hópefli, en mikilvægt er líka að sýna þeim hvernig hægt er að finna ánægju og spennu í hversdagslegum hlutum.

### Tölvuálfar

Tölvuálfar er nefnd sem starfar innan Hraunbúa og sjá um rekstur og viðhald á tölvu og símabúnaði hér í Hraunbyrgi. Í nefndinni eru Bjarni Freyr Þórðarson, Guðmundur Sigurðsson og Guðvarður Björgvin Fannberg Ólafsson.

Á árinu var eðlilegu viðhaldi tækjabúnaðar sinnt, ekkert stórvægilegt sem vert er að nefna en til stendur að setja upp IP-símstöð og segja upp hýsingu símkerfis frá Nova.

Hýsing heimasíðunnar var færð frá Allra Átta yfir til Opna Kerfa.

### Skálanefnd

Hverahlíð hefur ekki verið í útleigu síðasta árið vegna ástands á húsinu. Miklar rakaskemdir og mygla er í suðurhlið neðri hæðar. Síðasta starfsár hefur farið í að vinna að byggingu á nýjum skála. Búið er að fara á fundi hjá nokkrum innflytjendum og byggingarvertökum til að skoða kostnað við að byggja hús eftir okkar teikningum eða breyta út frá því sem þeir eru með. Sú

Hraunbúar 2023

vinna leiddi í ljós að hagstæðast fyrir okkur er að koma með okkar teikningar. Fengum við Pál Zophoníasson skáta úr Vestmannaeyjum til að teikna fyrir okkur hugmynd af skála. Verkefni næstu mánaða er að tryggja fjármagn til uppbyggingar á skálanum og erum við í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ að koma að þessu verkefni með okkur.

Skálanefnd síðasta starfsárs skipuðu,

Guðmundur Sigurðsson formaður, Ásrún Jóhannesdóttir, Bjarni Freyr Þórðarson og Kristján Ingi Þórðarson